

Skólaráðsfundur.

Mánudagurinn 7. nóvember 2016 kl.17:00 í Patreksskóla.

Mættir eru Gústaf Gústafsson, Brynja Haraldsdóttir, Agnieszka, Victor Sörli, Jónína Sigurðardóttir, Fabian Parzych og Anna Benkovic Mikaelsdóttir.

Þá sem vantar eru Birna Hannesdóttir og Margrét Brynjólfsdóttir.

Jónína tekur að sér að rita fundinn.

- Farið er yfir reglugerð um skólaráð við grunnskóla.
- Starfsáætlun þetta skólaárið skoðuð en hana er nú þegar búið að samþykka.
- Ákveðið var að bera það undir fræðslunefnd að fá að hafa litlujól Patreksskóla eftir hádegi mánudaginn 19. desember í stað fyrir hádegi þann 20. desember. Hugmyndin er fengin frá Bíldudalsskóla en þeir hyggjast hafa fyrirkomulag á dagsetningu litlujólanna hjá sér með þessum hætti og okkur líst vel á.
- Farið er yfir rekstraráætlun ársins 2016 sem og tillögur að rekstrarverkefnum og fjárfestingum 2017.
- Skólaráð ætlar að biðja fræðslunefnd að bregðast hratt við og beita sér fyrir því að fótoltavellinum við skólann verði komið í lag þannig að hann verði nothæfur, það er hann ekki og er alveg ónothæfur með öllu. Það er ekki ásættanlegt.
- Næsti fundur verður um miðjan mars og mun Gústaf sjá um að kalla skólaráð saman á þann fund.
- 2 skólastofur í efriskóla skoðaðar, önnur þeirra hefur verið tekin í gegn en hin ekki. Stór munur er á stofunum og frábært að sjá þessar endurbætur á húsnaðinu.

Fundi slitið kl. 18:10.